

Upplýsingatæknistefna Sveitarfélagsins Árborgar

Sveitarfélagið Árborg leggur áherslu á að notkun upplýsingatækni leiði til betri árangurs og framfara í rekstri, þjónustu, stjórnsýslu og íbúapátttöku.

Markmið Sveitarfélagsins Árborgar um notkun upplýsingatækni:

Aukin framleiðni

Upplýsingatækni verði nýtt til að auka framleiðni, létta verk og útrýma tvíverknaði þar sem því verður við komið.

Gott starfsumhverfi

Stafrænar lausnir verði aðgengilegar og markmið skýr þannig að starfsfólki nái betri árangri og störf séu áhugaverð og skapandi.

Betri upplýsingar

Gögn verði að skýrum og traustum upplýsingum til að styrkja stefnumótun, áætlanagerð, stjórnun og eftirfylgni.

Betri ákvarðanir

Upplýsingagjöf til bæjarstjórnar og stjórnenda verði til þess að auka yfirsýn og auðvelda og bæta ákvarðanatöku

Aukin upplýsingagjöf

Ítarlegar og skýrar upplýsingar um rekstur og þjónustu sveitarfélagsins verði opnar og aðgengilegar

Öflugri stjórnsýsla

Samskiptaleiðir íbúa verði greiðar og ferli erinda skýrt og aðgengilegt.

Aukin þjónusta

Upplýsingar um þarfir íbúa og reynsla annarra verði nýttar til að bæta þjónustu sveitarfélagsins

Gæði, öryggi, sveigjanleiki og hagkvæmni eru lykilþættir í upplýsingatækni Árborgar og er áhersla lögð á:

- Áreiðanleg upplýsingakerfi sem uppfylla kröfur um gagnaöryggi
- Réttar og áreiðanlegar upplýsingar
- Notendavænar lausnir
- Tilbúnar útbreiddar lausnir, fremur en sérsníðnar eða fáséðar
- Samverkandi hlutalausnir, fremur en stórar heildarlausnir
- Virka þátttöku í þróun og uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu
- Náð samstarf með ríki og sveitarfélögum að samþættingu og hagnýtingu stafrænna lausna